

Kærunefnd vöru- og þjónustukaupa

Úrskurður uppkveðinn 15. júní 2022 í máli nr. 118/2021

Kærunefndina skipa í þessu máli Ívar Halldórsson lögfræðingur, Jón Rúnar Pálsson lögmaður og Víðir Smári Petersen dósent.

I

Aðild og kröfugerð

Þann 25. október 2021 barst kærunefnd vöru- og þjónustukaupa beiðni um úrskurð nefndarinnar, hér eftir nefnd kvörtun, frá X, hér eftir sóknaraðili, vegna ágreinings í viðskiptum við fyrirtækið Y, hér eftir varnaraðili.

Sóknaraðili telur að varmadæla sem hann keypti af varnaraðila vera gallaða og krefst þess að varnaraðili endurgreiði sér 31.075 krónur vegna kaupa á varahlutum og 34.939 krónur í viðgerðarkostnað, samtals 66.014 krónur.

II

Málsmeðferð hjá kærunefndinni

Með tölvubréfi, dags. 1. nóvember 2021, var varnaraðila gefinn kostur á að senda andsvör til nefndarinnar í samræmi við 2. mgr. 9. gr. reglugerðar nr. 1177/2019 um kærunefnd vöru- og þjónustukaupa. Andsvör bárust ekki frá varnaraðila.

Framlögð gögn í málinu eru auk kvörtunar, staðfesting á greiðslu fyrir varmadælu dags. 30. desember 2016, reikningur varnaraðila vegna varahluta og afrit af samskiptum aðila.

Með bréfi, dags. 7. janúar 2022, var aðilum tilkynnt að gagnaöflun væri lokið og kærunefndin hefði tekið málið til úrskurðar.

III

Málsatvik og ágreiningsefni

Í kvörtun kemur fram að sóknaraðili hafi fest kaup á varmadælu af gerðinni NIBE F730 af varnaraðila þann 30. desember 2016 fyrir 1.188.469 krónur. Varmadælan hafi verið sett upp af fagmanni um ári síðar og hafi útskiptin verið einföld þar sem fasteign sóknaraðila hafi verið fyrir sambærileg varmadæla. Hafi varmadælan síðan bilað í september 2021 en hún hafi byrjað að slá út lekaliða. Sóknaraðili kveðst hafa haft samband við varnaraðila, upplýst hann um bilunina og innt eftir ábyrgðarskilmálum varmadælunnar. Hafi varnaraðili upplýst sóknaraðila að tveggja ára ábyrgð væri á henni. Hafi sóknaraðili í kjölfarið fengið rafvirkja til að skoða tækið. Þann 8. október 2021 hafi sú skoðun leitt í ljós að bilun væri að finna í íhlut varmadælunnar. Þar sem brýnt hafi verið að ráðast í viðgerð á varmadælunni hafi sóknaraðili lagt út fyrir kostnaði vegna bilanagreiningar, viðgerðar og fyrir varahluti sem hann hafi pantað frá varnaraðila. Hafi varnaraðili gefið út reikning fyrir varahlutum að fjárhæð 92.694 krónur og hafi reikningur rafvirkja verið að fjárhæð 34.939 krónur.

Sóknaraðili telur að varmadælan sé í ábyrgð samkvæmt fimm ára reglunni og því ætti kostnaður við viðgerð rafvirkja og varahluti að vera greiddur af varnaraðila.

IV Niðurstaða

Kærunefnd vöru- og þjónustukaupa starfar samkvæmt lögum nr. 81/2019 um úrskurðaraðila á sviði neytendamála og reglugerðar nr. 1177/2019 um kærunefnd vöru- og þjónustukaupa sem hvoru tveggja tóku gildi þann 1. janúar 2020. Varnaraðili hefur ekki látið málið til sín taka hjá nefndinni og því hvorki skilað inn andvörum eða gögnum. Byggir því niðurstaðan á þeim upplýsingum og gögnum sem sóknaraðili hefur lagt fram í málinu.

Sóknaraðili festi kaup á varmadælu af gerðinni NIBE F730 þann 30. desember 2016 af varnaraðila. Í september 2021 bilaði varmadælan og að sögn sóknaraðila leiddi skoðun rafvirkja í ljós að bilun væri í íhlut hennar. Sóknaraðili telur að varmadælan sé í lögbundinni í fimm ára ábyrgð og því beri varnaraðila að endurgreiða sér allan kostnað vegna viðgerðarinnar.

Undir rekstri máls hjá kærunefndinni upplýsti sóknaraðili að varnaraðili hefði endurgreitt sóknaraðila 1. nóvember 2021 vegna varahluta sem sóknaraðili hafi skilað varnaraðila. Sóknaraðili gerir því kröfu um að varnaraðili endurgreiði sér 31.075 krónur vegna kaupa á varahlutum og 34.939 krónur í viðgerðarkostnað, samtals 66.014 krónur.

Ákvæði 2. mgr. 27. gr. laga nr. 48/2003 um neytendakaup (nkpl.) fjallar um hámarkstilkynningarfresti til að bera fyrir sig galla í neytendakaupum. Ákvæðið er svohljóðandi:

„Ef neytandi leggur ekki fram kvörtun innan tveggja ára frá þeim degi er hann veitti söluhlut viðtöku getur hann ekki borið gallann fyrir sig síðar. Ef söluhlut, eða hlutum hans, er ætlaður verulega lengri endingartími en almennt gerist um söluhluti er frestur til að bera fyrir sig galla fimm ár frá því að hlutnum var veitt viðtaka. Þetta gildir ekki ef seljandi hefur í ábyrgðaryfirlýsingu eða öðrum samningi tekið á sig ábyrgð vegna galla í lengri tíma. Frestir skv. 1. og 2. málsl. eiga ekki við ef um er að ræða galla skv. g-lið 2. mgr. 15. gr.“

Þar sem meira en tvö ár voru liðin frá því sóknaraðili festi kaup á hinni umþrættu varmadælu og þegar varnaraðila var tilkynnt um bilunina verður að meta hvort umrædd varmadæla geti talist söluhlutur sem „er ætlaður verulega lengri endingartími en almennt gerist um söluhluti“ í skilningi framangreindrar 2. mgr. 27. gr. Í skýringum við ákvæðið, sem fylgdu með frumvarpi til nkpl. segir m.a. um þetta að líta þurfi til þess hvers neytandi mátti vænta við kaup á slíkum hlut. Framleiðendur söluhluta hafi ólík markmið við framleiðslu hluta hvað varðar endingartíma sem endurspeglast meðal annars í verði söluhlutar. Þá segir að vafi um endingartíma eigi að hafa það í för með sér að vara verði felld undir fimm ára frekar en tveggja ára regluna.

Varmadælu eru tæki til húshitunar og kosta umtalsverða fjármuni. Að mati kærunefndarinnar geta neytendur því haft væntingar til þess að varmadæla eigi að endast í töluverðan tíma og lengur en almennt gerist um söluhluti. Verður því að líta svo á í máli þessu að sóknaraðila hafi verið fært að kvarta undan galla á umræddri varmadælu í fimm ár frá því að kaupin fóru fram. Kvartaði sóknaraðili því undan galla á varmadælunni innan þess frests er greinir í 2. mgr. 27. gr. nkpl.

Þrátt fyrir að söluhlutur eigi að endast lengur en almennt gerist verður að meta hverju sinni hvort bilun verði rakin til framleiðslugalla eða annarra atvika.

Ákvæði 18. gr. nkpl. mælir fyrir um sönnun á galla og tímamark hans, en þar segir í 2. mgr. að galli, sem komi upp innan sex mánaða frá því að áhætta söluhlutar fluttist til neytanda, teljist hafa verið til staðar við afhendingu. Neytandi ber þar af leiðandi sönnunarbyrðina fyrir því að söluhlutur hafi verið haldinn galla við kaupin ef lengra en sex mánuðir eru frá kaupinum.

Ekkert liggur fyrir í málinu sem bendir til þess að viðhaldi, umhirðu eða notkun sóknaraðila á varmadælunni hafi verið áfátt. Kærunefndin óskaði hins vegar eftir því við sóknaraðila að hann aflaði upplýsinga frá rafvirkjanum sem gerði við varmadæluna um hvað orsakaði bilun tækisins og hvernig gert var við það. Eingöngu bárust einhliða svör frá sóknaraðila sjálfum, sem gáfu auk þess ekki skýr svör um orsök bilunarinnar. Liggja því ekki fyrir nein gögn í málinu sem staðreyna hvað olli því að varmadælan bilaði tæpum fimm árum eftir kaup, eða þá að hvaða leyti rekja megi bilunina til framleiðslugalla sem varnaraðili ber ábyrgð á. Er kærunefndinni ekki annað fært en að hafna kröfu sóknaraðila.

V Úrskurðarorð

Kröfu sóknaraðila, X, er hafnað.

Víðir Smári Petersen
formaður

Jón Rúnar Pálsson

Ívar Halldórsson